

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um heimilisofbeldi.

Frá Andrésí Inga Jónssyni.

1. Hvernig er skráningu heimilisofbeldis háttað hjá lögregluembættum? Óskað er sérstaklega eftir upplýsingum um andlegt ofbeldi sem fellur undir 218. gr. b almennra hegningarlaga.
2. Hvers konar brot áttu sér stað í málum sem féllu undir skilgreiningu lögreglu á heimilisofbeldi? Óskað er upplýsinga frá árunum 2009–2018, greint eftir árum og lögregluembættum.
3. Hversu mörg voru manndráp á árunum 1999–2018 hér á landi og hversu mörg þeirra falla undir skilgreiningu lögreglu á heimilisofbeldi? Óskað er eftir að fram komi upplýsingar sundurgreindar eftir árum, kyni og tengslum geranda og brotþola.

Skriflegt svar óskast.